



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2007

Kvörtun Glitnis ehf. yfir notkun Glitnis banka hf. á firmanafninu Glitnir

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi, dags. 26. febrúar 2007, frá Ragnari Baldurssyni hdl. f.h. Glitnis ehf., þar sem kvartað er yfir notkun Glitnis banka hf. á firmanafninu Glitnir í vörumerki fyrirtækisins.

Í erindinu segir að annar af stofnendum Glitnis ehf. hafi stofnað einkafirmað Glitni árið 1984 og við stofnun einkahlutafélags í desember árið 1993 hafi hann lagt félaginu til nafnið Glitnir. Tilgangur félagsins sé samkvæmt stofnsamningi og samþykktum almenn rafverktakaþjónusta, rekstur verkstæðis fyrir raftæki og rafeindatæki, verslun með heimilistæki og varahluti, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Réttur Glitnis ehf. til vörumerkisins byggi því á skráningu í firmaskrá og síðar fyrirtækjaskrá auk samfelldrar notkunar á þriðja áratug.

Árið 2006 hafi Íslandsbanki hf. breytt nafni sínu í Glitnir banki hf. Eftir þá breytingu hafi Glitnir ehf. orðið fyrir verulegum óþægindum í starfsemi sinni þar sem mikill fjöldi símtala sem tengist Glitni banka hafi borist fyrirtækinu. Reikningar sem með réttu hafi átt að sendast bankanum hafi í umtalsverðum mæli borist Glitni ehf. Ýmis erindi frá opinberum aðilum og einkaaðilum hafi borist Glitni ehf. sem með réttu hefðu átt að berast Glitni banka. Kalli það á tímafreka vinnu hjá starfsfólki fyrirtækisins að greiða úr erindunum og koma að athugasemdum. Á þann hátt verði fyrirtækið fyrir tjóni auk þess sem hætta skapist á því að misskilningurinn leiði til annars tjóns.

Glitnir banki markaðssetji starfsemi sína í heimildarleysi undir firmanafni Glitnis ehf. en noti ekki skráð firmaheiti. Brjótí háttsemin í bága við 12. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Með erindinu fylgdu 11 fylgiskjöl sem sýna fram á að ruglingur hafi átt sér stað.



II. Málsmeðferð

1.

Erindi lögmanns Glitnis ehf. var sent Glitni banka hf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 6. mars 2007. Svar bankans er dagsett 4. apríl 2007. Þar segir að í erindinu sé vísað til 12. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Í 12. gr. segi að notkun þess á firmanafni, verslunarmerki eða því um líku, sem hefur ekki rétt til sé óheimil. Skv. ákvörðun Einkaleyfastofu í andmælamáli nr. 2/2007, þar sem Glitnir ehf. hafi andmælt notkun Glitnis banka hf. á vörumerkinu Glitnir, hafi bankinn fullan rétt til notkunar vörumerkisins. Þannig standi hvorki tilvitnaðar lagagreinar, né aðrar, í vegi fyrir notkun bankans á vörumerkinu Glitnir.

Glitnir ehf. hafi átt þess þá kost, skv. 63. gr. vörumerkjálaga að bera ákvörðun Einkaleyfastofunnar undir áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og hafi fyrirtækið haft til þess tvo mánuði. Ákvörðunin hafi ekki verið borin undir nefndina. Hljóti Glitnir banki hf. því að líta svo á að hann sé í fullum rétti til að nota vörumerkið.

2.

Bréf Glitnis banka hf. var sent lögmanni Glitnis ehf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. apríl 2007. Athugasemdir lögmanns Glitnis ehf. eru dags. 24. apríl 2007. Þar segir að rétt sé að Glitnir banki hf. hafi fengið skráð vörumerkið Glitnir. Þar sem Glitnir banki hf. hafði fengið vörumerkið skráð hafi Glitnir ehf. ekki talið ástæðu til að bera ákvörðun Einkaleyfastofu undir áfrýjunarnefnd. Jafnframt hafi Glitnir ehf. talið að þrátt fyrir skráningu vörumerkisins hefði bankinn engan rétt til að nota firmanafnið Glitnir.

Í 12. gr. laga nr. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti séu notkun firmanafns settar mun þrengri skorður en settar séu í vörumerkjálögum fyrir heimild til skráningar vörumerkis. Þar sem lög stangist hér á skuli skv. lögskýringarreglum beita þeirri reglu er lengra gangi til verndar eignarréttar. Því beri í máli þessu að beita ákvæðum 12. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti. Í 2. málslíð 12. gr. komi fram að bannið geti tekið til auðkenna sem viðkomandi geti átt tilkall til. Af gögnum málsins megi sjá að viðskiptamenn beggja fyrirtækjanna hafi í fjölda tilvika villst á aðilum vegna nýtilkominnar notkunar Glitnis banka hf. á firmanafni Glitnis ehf. Að lokum segir að Glitnir banki noti ekki aðeins skráð vörumerki við starfsemi sína heldur sé firmanafn Glitnis ehf. notað án þess að vörumerkin sem skráð séu komi við sögu.



3.

Með bréfi lögmanns Glitnis ehf. til Neytendastofu, dags. 14. apríl 2007, fylgdu viðbótargögn við erindið. Var þar um að ræða sjö reikninga sem sendir voru Glitni ehf. en áttu að sendast Glitni banka hf. Var bréfið sent Glitni banka hf. ásamt bréfi lögmannsins með bréfi Neytendastofu, dags. 27. apríl 2007, þar sem óskað var athugasemda bankans við þau.

Svar bankans er dags. 11. maí 2007. Þar segir að markaðssetning Glitnis banka hf. fari fram undir vörumerkinu Glitnir. Í viðskiptum við fyrirtæki og stofnanir noti bankinn firmanafnið Glitnir banki hf.

Áður hafi komið fram að bankinn noti vörumerkið Glitnir með fullum rétti og firmanafnið Glitnir banki hf. með fullum rétti. Rekstur starfsemi bankans undir vörumerkinu Glitnir geti engan vegin gefið villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og fráleitt að valdið geti ruglingi þegar um sé að ræða jafn ólík svið og rekstur raftækjaverslunar/verkstæðis og bankastarfsemi. Þá verði því ekki haldið fram að auðkenni bankans hafi verið notað á þann hátt að villst verði á því og auðkenni Glitnis ehf. Útilokað sé því að 12. gr. laga nr. 57/2005 komi í veg fyrir réttmæta notkun bankans á firmanafni sínu og vörumerki.

Í erindi Glitnis ehf. sé því haldið fram að 2. málslíður 12. gr. laga nr. 57/2005 eigi að leiða til þess að Glitni banka hf. verði bannað að nota firmanafn Glitnis ehf. Engin rök hafi hins vegar verið að því leidd að Glitnir banki hf. noti eða hafi notað auðkenni sitt á þann hátt að villst verði á því og öðru auðkenni sem Glitnir ehf. noti. Innsláttarvillur þjónustuaðila sem sendi út reikninga til rangs aðila geti ómögulega talist vísbending um það.

4.

Með bréfi til málsaðila, dags. 23. maí 2007, tilkynnti Neytendastofa að gagnaöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

Í máli þessu kvartar fyrirtækið Glitnir ehf. yfir notkun Glitnis banka hf. á firmanafninu Glitnir í vörumerki Glitnis banka hf. Glitnir ehf. var fyrst stofnað sem einkafirma 1984 en breytt í einkahlutafélag árið 1993. Tilgangur félagsins er almenn rafverktaka þjónusta, rekstur verkstæðis fyrir rafverktaka og rafeindatæki, verslun með heimilistæki og varahluti, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Nafni Íslandsbanka hf. var breytt í Glitni banka hf. 2006 og vörumerki fyrirtækisins skráð í



vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu sama ár. Starfsemi félagsins felst einkum í bankaviðskiptum við einstaklinga og fyrirtæki.

Í erindinu vísar kvartandi til 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin síðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glöggt af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga, sbr. nú lög nr. 57/2005. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Taki þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið.

Í erindi Glitnis kemur fram að nafnið var fyrst notað sem firmaheiti árið 1983. Glitnir banki hf. fékk vörumerki sitt skráð í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu 2006. Að mati Neytendastofu hafa báðir málsaðilar, Glitnir ehf. og Glitnir banki hf. öðlast rétt til



auðkenna sinna. Skal þá líta til þess hvort notkun Glitnis banka hf. á vörumerki bankans sé með þeim hæti að villast megi á fyrirtækjunum.

Með skráningu firmanafns er meginreglan sú að eigandi þess öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Litið er til þess hvort fyrirtæki starfa á sama markaðssvæði og beina vöru og þjónustu að sama markhóp. Verndin takmarkast við að heitið sé ekki almennt orð sem sé lýsandi fyrir vöru og þjónustu.

Óumdeilt er að Glitnir banki hf. markaðssetur þjónustu sína undir vörumerkinu Glitnir. Orðið glitnir getur merkt lítill fiskur af glitnaætt eða sérnafn á hesti úr goðafræðinni. Orðið getur því bæði verið almennt orð sem er hvorki lýsandi fyrir vöru og þjónustu né vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, svo og sérnafn. Fyrirtækin sem hér deila bjóða upp á ólíka þjónustu og eru ekki keppinautar. Um er að ræða annars vegar fjármálafyrirtæki og hins vegar rafvörubúð og verkstæði. Að mati Neytendastofu er starfsemi fyrirtækjanna það ólík að ekki sé hætt á því að neytendur telji tengsl vera á milli fyrirtækjanna.

Í gögnum málsins hefur verið sýnt fram á rugling. Þannig hafa póstsendingar ratað á rangan stað og Glitni ehf. borist símtöl sem hafi átt að berast til Glitnis banka hf. Að mati Neytendastofu er slíkur ruglingur ekki þess eðlis að ástæða sé til að banna Glitni banka notkun orðsins Glitnir. Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu.“